

# Ársskýrsla 2023



## **Samkvæmt samþykktum félagsins eru tilgangur þess:**

Að vinna að alþjóðlegum ættleiðingum með því markmiði að hagsmunir barnsins séu ávallt hafðir í fyrirrími í anda Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Haagsamningsins um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993.

Að vinna að velferð og réttindamálum kjörfjölskyldna.

Að aðstoða fólk sem vill ættleiða börn erlendis frá.

Að standa fyrir fræðslu fyrir félagsmenn í formi fræðslufunda, námskeiða og fyrirlestra.

Að vinna að jöfnum rétti allra, burtséð frá uppruna.

Að auka þekkingu og skilning samfélagsins og stjórnvalda á ættleiðingu og kostum hennar fyrir barn og kjörfjölskyldu.

Að stuðla að velferð barna í samræmi við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Haagsamninginn um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993.

## EFNISYFIRLIT

FRÁ STJÓRNARFORMANNI .....	4
STARF FÉLAGSINS.....	6
ÁRSREIKNINGUR .....	12
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA .....	13
REKSTRAREIKNINGUR .....	15
EFNAHAGSREIKNINGUR .....	16
SJÓÐSSTREYMI.....	17
SKÝRINGAR .....	18
ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA .....	21
REGNHLÍFASAMTÖK.....	22
SAMSTARFSLÖND .....	24
STJÓRN OG STARFSFÓLK 2023.....	25



## FRÁ STJÓRNARFORMANNI

Árið 2023 var að mörgu leyti ár breytinga sem ekki sér fyrir endann á. Undir lok árs 2022 lá fyrir að endurskipulagning væri fyrirhuguð hjá dómsmálaráðuneytinu á ættleiðingarmálflokknum sem enn stendur yfir. Í september var gerður þjónustusamningur sem gildir út árið 2024 og var með honum hluti verkefna félagsins flutt til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og fjármagn til félagsins samhliða skert.

Á árinu flutti skrifstofa félagsins í minna rými, þó innan sömu hæðar og í sama húsi við Skippholti 50b. Rut Sigurðardóttir, félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur lét af störfum hjá félaginu í apríl og Ragnheiður Davíðsdóttir verkefnastjóri í september. Rut sinnir þó enn stuðningi og fræðslu fyrir félagið sem verktaki og nýtur félagið því enn góðs af hennar miklu þekkingu. Ragnheiður og Rut eiga báðar drjúgan þátt í þeirri miklu þróun sem átt hefur sér stað í fræðslu og þjónustu fyrir ættleidda og fjölskyldur þeirra og þakkar félagið þeim báðum fyrir þeirra mikilvæga innlegg í málflokkinn.

Í lok árs 2023 hóf Thelma Rún Runólfsdóttir störf hjá félaginu. Thelma er að ljúka uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands og er hennar hlutverk að sinna fræðslu og ráðgjöf fyrir umsækjendur í ættleiðingarferlinu, fræðslu inn í skólakerfið og til annarra eftir þörfum. Við tökum fagnandi á móti Thelmu sem hefur komið ákaflega vel inn í starf félagsins.

Það er þó ekki einungis hér á Íslandi sem breytingar hafa orðið, heldur erum við að horfa uppá slíkt hið sama um allan heim. Ættleiðingum hefur farið fækkandi síðastliðin ár, börn sem laus eru til ættleiðinga eru að eldast, auk þess sem hvert mál er orðið flóknara. Færri lönd eru að ættleiða börn frá sér og lönd sem hafa lengi verið móttökuríki í ættleiðingum eru að hætta með ættleiðingar, að minnsta kosti tímabundið. Óvissa er því til staðar með framtíð alþjóðlegra ættleiðinga og er það miður.

Jafnvel þó ættleiðingum fari fækkandi hefur þörf fyrir fræðslu, stuðning og þjónustu eftir ættleiðingu aukist. Starfsfólk og stjórn Íslenskrar ættleiðingar hafa á síðustu árum unnið markvisst að því að auka skilning stjórnvalda á því hversu mikilvæg þjónusta og stuðningur eftir ættleiðingu er fyrir farsæld ættleiddra barna og fjölskyldur þeirra. Því var það stór áfangi þegar framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar skrifaði nú í janúar sl. undir styrktarsamning við mennta- og barnamálaráðuneytið til tveggja ára um þróun verklags um samþætta þjónustu fyrir börn sem ættleidd eru til Íslands. Félagið bindur vonir við að þessi samningur sé aðeins upphafið í þróun á þjónustu við ættleidd börn og fjölskyldur þeirra.

Ég ber þá von í brjósti að ættleiðingar verði áfram leið til að stofna fjölskyldu en sjálf er ég þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa fengið að ættleiða barn. Þó er ljóst að ef ættleiðingar eiga áfram að vera valkostur í íslenskri löggjöf verður að standa vörð um þá þekkingu sem skapast hefur innan Íslenskrar ættleiðingar. Málflokkurinn er lítill og því brothættur en



jafnframt þess eðlis að aldrei má gefa afslátt af kröfum er varða milligöngu, fræðslu og þjónustu. Hagur barnsins á ávallt að ráða för.

Að lokum vil ég þakka fyrir mig og það traust sem mér hefur verið veitt síðastliðin ár. Ég mun láta af störfum sem stjórnarmaður eftir fjögurra ára stjórnarsetu og er þakklæti mér efst í huga. Þetta hafa sannarlega verið krefjandi tímar en líka fræðandi og skemmtilegir. Óska ég félaginu, starfsfólki skrifstofu og nýrri stjórn alls hins besta í þeim verkefnum sem bíða þeirra.

Berglind Glóð Garðarsdóttir

Stjórnarformaður

## STARF FÉLAGSINS

Á síðasta urðu miklar breytingar hjá Íslenskri ættleiðingu bæði í starfsmannahaldi og þeim verkefnum sem félagið sinnir. Í apríl 2023 hætti Rut Sigurðardóttir, félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur sem fastur starfsmaður en hún heldur áfram að aðstoða félagið sem verktaki og hefur það gengið mjög vel á þessu ári. Félagið fagnar því að þrátt fyrir brotthvarf Rutar sé hún ennþá félaginu innan handar við fræðslu og stuðning.

Íslensk ættleiðing vil svo þakka Ragnheiði Davíðsdóttur sem var verkefnastjóri félagsins en hún lét af störfum í lok september eftir rúmlega 11 ára starf. Ragnheiður sinnti starfi sínu af mikilli alúð og kom að þeirri miklu þróun sem átt hefur sér stað á fræðslu og þjónustu við ættleidda og fjölskyldur þeirra.

Í byrjun desember tók nýr starfsmaður til starfa, Thelma Rún Runólfsdóttir, hún er að klára Uppeldis- og menntunarfræði frá HÍ vorið 2024. Hlutverk hennar verður að sinna fræðslu og ráðgjöf fyrir umsækjendur í ættleiðingarferlinu, fræðslu inni skólakerfið og til annarra ef þess þarf. Thelma mun vera í 50% starfshlufalli og kemur inn í fræðsluteymi ÍÆ undir leiðsögn Rutar Sigurðardóttur, félagsráðgjafa og fjölskyldufræðings sem heldur áfram sem verktaki hjá félaginu og framkvæmdastjóra félagsins.

### Breyting á þjónustu og reglugerðum

Starf og þjónusta Íslenskrar ættleiðingar (ÍÆ) miðar að því að sinna félagsmönnum eins vel og kostur er enda eru þeir félagið. Eitt af markmiðum félagsins er að tryggja góða faglega þjónustu.

Ættleiðingarmálaflokkurinn hefur breyst mikið á síðustu árum, ættleiðingum hefur fækkað en á móti er hvert mál orðið flóknara. Þessar breytingar eru ekki eingöngu að eiga sér stað á Íslandi heldur í öllum heiminum. Áherslan hefur færst frá því að sjá eingöngu um milligöngu um ættleiðingu yfir í meiri kröfur um fræðslu og stuðning til væntanlegra kjörforeldra, ættleiddra barna og uppkominnna ættleiddra. Á sú fræðsla sér stað á meðan biðin er, þegar heim er komið og einnig eftir því sem árin líða frá ættleiðingunni. ÍÆ telur að sagan hafi sýnt að góð fræðsla samhliða ættleiðingu er forsenda fyrir því að ættleiðing gangi vel.

En til þess að hægt sé að tryggja að allt starf sem með hagsmuni barns að leiðarljósi þarf það regluverk sem er til staðar að vera í samræmi við þær kröfur sem eru í málaflöknum. Í júní var tilkynnt að dómsmálaráðuneytið hefði lagt fram í samráðsgátta stjórnvalda drög að nýrri reglugerð um ættleiðingar. ÍÆ hefur ítrekað óskað eftir því síðustu ár að lög og reglugerðir vegna ættleiðinga væru uppfærðar í samræmi við þær breytingar sem átt hafa sér stað.

Frá og með 1.október 2023 voru gerðar uppfærslur á reglugerð um ættleiðingar og reglugerð um ættleiðingarfélög en ekki hefur heildarendurskoðun verið gerð og eftir er að taka tillit til þeirra athugasemda sem gerðar höfðu verið í sumar. Þessar uppfærslur eru gerðar þar sem frá og með 1.október 2023 hefur sýslumannsembættið á höfuðborgarsvæðinu tekið að sér meira hlutverk í 3 verkefnum.




Helstu breytingar sem gerðar voru á reglugerðunum er vegna:

- **Aldursviðmið umsækjenda sem sækja um forsamþykki** - Umsækjendur á aldrinum 25 til 50 ára geta sótt um forsamþykki til að ættleiða barn á aldrinum 0 til 5 ára og/eða barn eldra en 5 ára. Hámarksaldur miðast við umsækjanda sem er eldri. Forsamþykki fyrir ættleiðingu barns á aldrinum 0 til 5 ára fellur úr gildi þegar eldri umsækjandi nær 51 árs aldri.- Umsækjendur á aldrinum 51 til 55 ára geta sótt um forsamþykki til að ættleiða barn eldra en 5 ára. Hámarksaldur miðast við umsækjanda sem er eldri. Forsamþykki fyrir ættleiðingu barns sem er eldra en 5 ára fellur úr gildi þegar eldri umsækjandi er nær 56 ára aldri.
- **Þegar upplýsingar um barn berast til Íslands** - Í gegnum árin hefur Íslensk ættleiðing séð til þess að lögfræðingur fari yfir öll skjöl sem berast um barn til að tryggja lögmæti þeirra. Nú verður sú breyting að fulltrúar sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu taka að sér yfirferð sem lögfræðingur hefur gert áður. Starfsfólk Íslenskrar ættleiðingar og sérfræðilæknir munu einnig fara yfir skjölin.
- **Samþykki í samræmi við 17.gr c á grundvelli Haag-samningsins um vernd barna og samvinnu um ættleiðingu á milli landa frá 1993** - Ef allar upplýsingar og skjöl um tiltekið barn eru í lagi tilkynnir Íslensk ættleiðing væntanlegum kjörforeldrum um þörun og fer yfir gögn barnsins með þeim. Ef samþykki frá væntanlegum kjörforeldrum liggur fyrir er sýslumannsembættið upplýst um það og er þá gefið út samþykki samkvæmt 17.gr c um að ferli ættleiðingar megi halda áfram. Íslensk ættleiðing sendir þetta samþykki til upprunalands auk upplýsinga um að væntanlegir kjörforeldrar hafi kynnt sér öll gögn vegna tiltekins barns.
- **Eftirfylgniskýrslur** - Sýslumannsembættið tekur yfir ábyrgð á því að skýrslur um stöðu barns eftir komu til landsins (eftirfylgniskýrslur) eru gerðar og sendar til upprunalands barns í samræmi við reglur sem gilda í ríkinu. Íslensk ættleiðing mun taka þátt í þessu ferli og upplýsa upprunaland um stuðning og ráðgjöf sem barninu eða fjölskyldu þess hefur verið boðið uppá.
- **Þjónusta og ráðgjöf fyrir uppkomna ættleidda** - Ný þjónusta, uppkomnir ættleiddir geta fengið 5 ráðgjafaviðtöl vegna ættleiðingar án endurgjalds. Boðið hefur verið uppá ráðgjöf fyrir þennan hóp hjá Íslenskri ættleiðingu en gegn greiðslu. Sjá nánar á [Þjónusta og ráðgjöf fyrir uppkomna ættleidda | Ísland.is \(island.is\)](https://www.island.is/islenska-ettleiðing/).
- **Fjöldi stjórnarmanna í stjórn Íslenskrar ættleiðingar** - Stjórn Íslenskrar ættleiðingar hefur í gegnum árin þurft að vera skipuð 7 mönnum hið minnsta, nú hefur þessu verið breytt. Frá og með 1.október þarf stjórn að vera skipuð 5 mönnum hið minnsta.

*...til að barn nái fullum þroska sem heilsteypt persóna er æskilegast að það vaxi úr grasi innan fjölskyldu og við hamingju, ástúð og skilning*


## Fyrstu viðtöl



Flestir sem nýta sér þjónustu félagsins hefja ferðalagið í svonefndu fyrsta viðtali. Hvert viðtal tekur um 60 – 90 mínútur þar sem farið er yfir það helsta sem tengist málaflokknum. 22 fyrstu viðtöl voru bókuð hjá félaginu árið 2023.

## Forsamþykki

Íslensk ættleiðing hefur milligöngu um að senda umsóknir um forsamþykki til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, en embættið er ábyrgt fyrir að kanna aðstæður umsækjenda og veita eða synja um forsamþykki. Sýslumannsembættið óskar eftir liðsinni barnaverndarþjónustu við könnun á högum umsækjenda.



Sýslumannsembættið getur einnig leitað til Ættleiðingarnefndar til að fá umsögn ef þurfa þykir. Ættleiðingarnefnd er skipuð af dómsmálaráðherra. Árið 2023 voru 4 umsóknir um forsamþykki.

Sýslumannsembættið gaf út 6 forsamþykki á árinu, þá voru gefin út 2 ný forsamþykki, þ.e. endurnýjuð forsamþykki til þeirra sem eiga umsókn í upprunalandi.

*... að tryggja að ættleiðing milli landa fari fram með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi og þannig að grundvallarréttindi þess séu virt, og að komið sé í veg fyrir brottnám barna, sölu þeirra og verslun með þau*

## Ættleiðingarnefnd

Sýslumannsembættið vísaði 1 umsóknum til Ættleiðingarnefndar, en það var 1 árinu áður. Ættleiðingarnefnd veitti hins vegar 1 sinni umsögn sem er það sama og árið á undan.

## Kærur

Sýslumannsembættið synjaði engri umsókn á árinu.




*Í upprunaríkinu má aðeins taka ákvörðun um að barn skuli sett í umsjá væntanlegra kjörforeldra ef: ...miðstjórnvöld beggja ríkja hafa samþykkt að ættleiðingin megi fara fram*

### **Umsóknir í upprunalandi**

Íslensk ættleiðing hafði milligöngu um að senda 8 umsóknir til upprunalands á árinu, tvær til Tógó, fimm til Tékklands og 1 til Kólumbíu.

### **Börn**

Upplýsingar um 3 börn voru skoðaðar af sérfræðingum félagsins á árinu.



Eitt barn kom til Íslands með fjölskyldu sinni í júní 2023.

## Fræðsla

Eftir að fræðsla var færð framur í ferlið eins gert var með breytingum í lok árs 2018 hefur þekking umsækjenda á ættleiðingarmálaflokknum komist betur til skila inn í umsögn barnaverndar. Þetta hefur stuðlað að því að fjölskyldur frá Íslandi skera sig út þegar kemur að þekkingu, þegar þær eru bornar saman við aðra umsækjendur í upprunalöndum barnanna sem félagið starfar með.

Fræðslan hefst í fyrsta viðtali þar sem farið er yfir það helsta sem tengist málaflokknum. Það ætti að leiða til námskeiðsins **Er ættleiðing fyrir mig?**, sem er 4 daga námskeið sem á að aðstoða þátttakendur í að taka ákvörðun um hvort ættleiðing sé kostur sem þeir ættu að skoða betur. Fyrirkomulag námskeiðsins á árinu 2023 var með aðeins öðru sniði vegna færri umsækjenda sem ekki höfðu þegar farið á námskeiðið.

Árið 2023 voru 16 fræðsluviðtöl til umsækjenda í forsamþykkisferli og 2 viðtöl við starfsfólk barnaverndar. Félagið veitir ráðgjöf og stuðning á biðtímanum og leggur áherslu á að umsækjendur séu virkir í biðinni, með því að afla sér þekkingar á málefnum ættleiddra barna. Á síðasta ári voru 11 viðtöl við umsækjendur sem eiga umsókn í upprunalandi og voru að uppfæra upplýsingar í umsókninni.

Samkvæmt fræðslu- og stuðningsáætlun hefur félagið frumkvæði að eftirfylgd eftir að fjölskyldur koma til Íslands eftir dvöl í upprunalandi barnsins. Árið 2023 voru 3 viðtöl til fjölskyldu sem kom heim til Íslands. Þessi þjónusta er viðbót við gerð eftirfyldgarkýrslna sem eru gerðar að kröfu upprunaríkja barnanna. Félagsráðgjafar heimsækja fjölskyldurnar í samræmi við reglur upprunaríkjanna og safna upplýsingum og gefa álit á hvernig framvinda fjölskyldunnar hefur verið frá sameiningu. Þessar skýrslur eru þýddar og sendar til miðstjórnvalds upprunaríkisins. Frá 1. október 2023 hefur sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu tekið ábyrgð á gerð þessara eftirfylgniskýrslna.

Í lok mars var aftur var farið af stað með fræðslu fyrir félagsmenn, en boðið var uppá nokkrar fræðslur yfir árið og félagsstarf.


Þjónusta við börn sem eru að hefja skólagöngu hefur aukist mikið, enda ekki vanþörf á. Á síðastliðnu ári heimsótti félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur félagsins leikskóla 2 sinnum og grunnskóla 10 sinnum. Auk þess voru aðrar fræðslur til starfsfólks sem tengjast skólaumhverfinu og til þjónustumiðstöðva á vegum Reykjavíkurborgar eftir að sérstakt samkomulagi náðist í upphafi árs 2023. Heimsóknir í skóla eru margvíslegar, stundum er fundað með öllum starfsmönnum skólans, stundum bara með kennurum barnsins og stundum stuðningur inn á teymisfundi. Þá hafa mörg viðtöl verið til einstaklinga og fjölskyldna sem leitað eftir frekari þjónustu, eftir að þjónustuáætlun félagsins sleppir.

Meiri þjónusta hefur verið til uppkomina ættleiddra í tengslum við upprunaleit og meðferðarvinnu. Félagið hefur svo í gegnum tíðina boðið uppá fjölbreytta fræðslu sem er opin félagsmönnum og almenningi en vegna dræmrar þátttöku þarf að endurskoða útfærsluna á þeirri fræðslu.



Starfsfólk félagsins fór á fjölda ráðstefna og málþinga til að vekja athygli á málaflokknum, afla sér þekkingar og að tryggja að fjölskyldur og börn fái viðeigandi þjónustu svo þeim farnist vel eftir ættleiðingu.

Í september 2023 var haldin norræn ættleiðingarráðstefna á vegum Nordic Adoption Council (NAC). Þema ráðstefnunnar var, Adoption – a lifelong process. Fjöldi fyrirlesara komu fram á ráðstefnunni, bæði innlendir og erlendir. Elísabet Hrund Salvarsdóttir framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar og formaður NAC bauð gesti velkomna á ráðstefnuna og lagði áherslu á mikilvægi þess að skilningur og þekking sé á þeim áföllum og því sem ættleidd börn hafa í sínum bakpoka til að þeim og fjölskyldum þeirra farnist sem best í lífinu. Í dag er sú upplifun að þessi skilningur sé ekki til staðar.



## ÁRSREIKNINGUR

Í lok árs 2023 voru 316 félagsmenn Íslenskrar ættleiðingar búnir að greiða félagsgjald fyrir það ár. Til að sinna hlutverki sínu sem sett er fram í lögum og reglugerðum hefur félagið gert þjónustusamning við dómsmálaráðuneytið um skilgreinda þjónustu til að tryggja að veita umsækjendum liðsinni sem nauðsynlegt er til að af lögmætri ættleiðingu geti orðið. Þegar þjónustusamningurinn var fyrst gerður var hugsunin að grunnforsendur félagsins eru tryggðar með framlagi ríkisins í þjónustusamningnum og að rekstrargrundvöllur félagsins ekki háður fjölda umsækjenda eða fjölda ættleiðinga. Þetta fyrirkomulag var nefnt Íslenska ættleiðingarmódelið og vakti athygli langt út fyrir landsteinana. Á síðustu árum hafa orðið breytingar á rekstrargrundvelli félagsins og því hefur þurft að ganga á sjóði félagsins til að tryggja starf þess.

Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur eru meginstoðir í ættleiðingarferlinu og var sú lágmarksþjónusta tryggð með framlagi ríkisins til þjónustusamningsins. Þjónustusamningurinn tekur aðeins til þjónustu um milligöngu um ættleiðingu, en ekki þjónustu eftir ættleiðingu. Þjónusta eftir ættleiðingu er enn ófjármögnuð en megináhersla verður lögð á að auka skilning miðstjórnvaldsins á hlutverki sínu í þjónustu eftir ættleiðingu og að fá viðurkenningu á mikilvægi þjónustunnar til heilla ættleiddum börnum og fjölskyldum þeirra Ekki var svo skrifað undir nýjan þjónustusamning fyrr en 23.janúar 2023 en sá samningur var til 30.september 2023.

Á vormánuðum bárust félaginu drög að þjónustusamning sem tæki við 1.október en ekki þótti hann ásættanlegur og voru margir fundir hjá stjórn félagsins og skrifstofu til að fara yfir hann. Í lok september var svo skrifað undir nýja þjónustusamning sem lækkaði fjárframlag ríkisins til Íslenskrar ættleiðingar verulega. Nýr þjónustusamningi var í samræmi við þær breytingar sem urðu svo á verkefnum félagsins í samræmi við breytingar á reglugerðum 1.október.

*Starfsemi sem varðar ættleiðingu milli landa má ekki verða neinum til óhæfilegs ávinnings, fjárhagslega eða á annan hátt. Aðeins má krefja um og greiða kostnað og útgjöld, þar með talið sanngjarna sérfræðilega þóknun þeirra sem við ættleiðinguna fást.*

Tekjur Íslenskrar ættleiðingar á árinu 2023 voru tæpar 38 milljónir, tekjur af félagsgjöldum lækkuðu lítillega frá fyrra ári. Að þessu sinni var hagnaður á rekstri félagsins kr. 575.050.

Mikið aðhald hefur verið á rekstrargjöldum félagsins og flutti það skrifstofu sína í minna rými í sama húsnæði og það var í áður.



# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

## Til stjórnar Íslenskrar ættleiðingar

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenskrar ættleiðingar fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Íslenskri ættleiðingu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við höfum áflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdarstjóri ábyrg fyrir mati árekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdarstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.




- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Reykjavík, 20.mars 2024

**Rýni endurskoðun ehf.**

Theodór Ingi Pálmason





# REKSTRAREIKNINGUR

## Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
<b>Rekstrartekjur</b>			
Tekjur .....	3	37.926.237	45.946.485
		<u>37.926.237</u>	<u>45.946.485</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	9	27.153.237	36.348.545
Kostnaður vegna ættleiðinga .....	9	147.472	763.945
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	9	4.735.657	2.495.638
Annar rekstrarkostnaður .....	9	5.232.485	6.231.731
Afskriftir .....	4	84.324	105.405
		<u>37.353.175</u>	<u>45.945.264</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		573.062	1.221
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		82.430	163.943
Vaxtagjöld, gengismunur og bankakostnaður .....		(80.442)	262.264
		<u>1.988</u>	<u>426.207</u>
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>575.050</u>	<u>427.428</u>

# EFNAHAGSREIKNINGUR

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023


Eignir	Skýringar	2023	2022
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Tölvubúnaður, innréttingar og áhöld .....	4	<u>337.297</u>	<u>421.621</u>
		337.297	421.621
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	5	1.143.678	946.415
Handbært fé .....		<u>1.617.662</u>	<u>2.332.800</u>
		2.761.340	3.279.215
<b>Eignir samtals</b>		<u>3.098.637</u>	<u>3.700.836</u>

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2023	2022
<b>Eigið fé</b>			
Viðbragðssjóður .....	6	1.360.000	1.360.000
Óráðstafað eigið fé .....		<u>329.884</u>	<u>(245.166)</u>
		1.689.884	1.114.834
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir:			
Skuld við tengd félög .....		91.008	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	7	<u>1.317.745</u>	<u>2.586.002</u>
		1.408.753	2.586.002
<b>Skuldir samtals</b>		1.408.753	2.586.002
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>3.098.637</u>	<u>3.700.836</u>



## Sjóðstreymi ársins 2023

	Skyringar	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins .....		575.050	427.428
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	4	84.324	105.405
		<u>659.374</u>	<u>532.833</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		(197.263)	(218.472)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		<u>(1.268.257)</u>	<u>(7.174.898)</u>
		<u>(1.465.520)</u>	<u>(7.393.370)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>		<u>(806.146)</u>	<u>(6.860.537)</u>
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>			
Skuld við tengd félög, breyting .....		91.008	0
		<u>91.008</u>	<u>0</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		(715.138)	(6.860.537)
Handbært fé í byrjun árs .....		2.332.800	9.193.337
<b>Handbært fé í lok árs</b>		<u><u>1.617.662</u></u>	<u><u>2.332.800</u></u>



## Skýringar

## 3. Tekjur

Tekjur ársins sundurliðast þannig:	2023	2022
Félagsgjöld .....	1.438.500	1.533.600
Ættleiðingargjöld erlendis .....	2.010.122	1.857.996
Framlög úr ríkissjóði .....	31.500.000	34.000.000
Önnur framlög .....	0	6.379.771
	<u>34.948.622</u>	<u>43.771.367</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>		
Námskeið .....	888.000	1.558.000
Félagsstarf .....	115.670	517.118
Styrkir .....	35.049	0
Aðrar tekjur .....	<u>1.938.896</u>	<u>100.000</u>
	<u>2.977.615</u>	<u>2.175.118</u>
<b>Tekjur samtals</b>	<u><u>37.926.237</u></u>	<u><u>45.946.485</u></u>

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
<b>Árslok 2022:</b>		
Bókfært verð í ársbyrjun .....	527.026	527.026
Afskriftir .....	(105.405)	(105.405)
Bókfært verð í árslok .....	<u>421.621</u>	<u>421.621</u>
Bókfært verð í árslok 2022 greinist þannig:		
Kostnaðarverð .....	2.606.019	2.606.019
Afskrifað samtals .....	(2.184.398)	(2.184.398)
Bókfært verð í árslok .....	<u>421.621</u>	<u>421.621</u>
<b>Árslok 2023:</b>		
Bókfært verð í ársbyrjun .....	421.621	421.621
Afskriftir .....	(84.324)	(84.324)
Bókfært verð í árslok .....	<u>337.297</u>	<u>337.297</u>
Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig:		
Kostnaðarverð .....	2.606.019	2.606.019
Afskrifað samtals .....	(2.268.722)	(2.268.722)
Bókfært verð í árslok .....	<u>337.297</u>	<u>337.297</u>

## 5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	2023	2022
Félagsgjöld .....	1.556.023	1.185.415
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	(412.345)	(239.000)
Viðskiptakröfur, nettó .....	<u>1.143.678</u>	<u>946.415</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.



## Skýringar

### 6. Eigið fé

#### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Viðbragðssjóður	Óráðstafað Eigið fé	Eigið fé samtals
<b>Hreyfingar 2022:</b>			
Staða í ársbyrjun .....	1.360.000	(672.594)	687.406
Tap ársins .....	0	427.428	427.428
Staða í árslok .....	1.360.000	(245.166)	1.114.834
<b>Hreyfingar 2023:</b>			
Staða í ársbyrjun .....	1.360.000	(245.166)	1.114.834
Hagnaður ársins .....	0	575.050	575.050
Staða í árslok .....	1.360.000	329.884	1.689.884

### 7. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2023	2022
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	709.786	1.647.679
Aðrar skammtímaskuldir .....	607.959	938.323
	1.317.745	2.586.002



## Skýringar

### 8. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld greinast þannig:

	2023	2022
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	20.672.414	27.899.580
Laun stjórnar .....	0	241.500
Bifreiðastyrkir .....	540.000	740.000
Móttframlag í lífeyrissjóð .....	2.790.777	3.791.896
Tryggingagjald .....	1.524.205	2.074.731
Sjúkra- og orlofssjóðir .....	389.841	607.281
Námskeið og endurmenntun .....	70.485	13.400
Annar starfsmannakostnaður .....	1.102.475	831.558
	<u>27.153.237</u>	<u>36.348.545</u>
Meðalfjöldi starfsmanna .....	2,1	3,0
<b>Kostnaður vegna ættleiðinga</b>		
Skýrslur og þýðingar .....	1.842.921	966.040
Undirbúningsnámskeið .....	342.147	1.463.100
Erlendur kostnaður .....	1.153.474	671.768
Annar kostnaður .....	282.376	162.822
Endurgreiddur kostnaður .....	(3.473.446)	(2.499.785)
	<u>147.472</u>	<u>763.945</u>
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>		
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta .....	665.148	656.490
Sími .....	730.316	582.628
Pappír, prentun og ritföng .....	30.941	42.528
Bækur, blöð og áskrift .....	21.000	57.798
Annar skrifstofukostnaður .....	198.510	106.779
Reikningsskil .....	744.248	760.059
Önnur aðkeypt þjónusta .....	225.000	0
Fundur, ráðstefnur og móttökur .....	2.120.494	289.356
	<u>4.735.657</u>	<u>2.495.638</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Félagastarf .....	1.278.012	661.301
Húsaleiga .....	3.257.408	4.135.898
Víðhald húsnæðis .....	0	38.147
Öryggisþjónusta .....	282.660	304.923
Ræsting og hreinlætisvörur .....	143.000	286.000
Aðkeyptur akstur .....	2.380	12.000
Keypt áhöld og tæki .....	0	185.907
Ferðakostnaður .....	25.757	403.323
Vátryggingar .....	69.923	74.532
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur .....	173.345	129.700
	<u>5.232.485</u>	<u>6.231.731</u>



## ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Stjórn Íslenskrar ættleiðingar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með áritun sinni.

Reykjavík 20.mars 2024

Stjórn:

Svandís Andersen Sigurdard.  
Bergúnd Blöð Gardarsdóttir  
ÞIGRIÐUR D. HARALD.  
Sólveig Dilljá Haraldsdóttir  
Bólme Hafsteinsd  
ÓRU HARALDSSON  
Gylt me þu

Framkvæmdastjóri:

Elisabet H. Salvarsd.

## REGNHLÍFASAMTÖK



EurAdopt, félag ættleiðingarsamtaka í Evrópu, fylgdist grannt með þróun ættleiðingarmála bæði í Evrópu og víðar í heiminum árið 2023 eins og áður. Covid-19 hélt áfram að hafa áhrif, fækkun nýrra umsækjenda í mörgum löndum og færri ættleiðingar hafa áhrif á rekstrargetu nokkurra félaga sem tilheyra samtökunum. Fulltrúi félagsins í EurAdopt er Elísabet Hrund Salvardsdóttir. Haldin var fundur stjórnar EurAdopt í Lúxemborg í apríl 2023, þar var farið yfir stöðu

ættleiðingarmála og fréttir fluttar frá hverju félagi sem er í stjórn. Nú hefur aukist að haldnir eru stjórnarfundir í gegnum fjarfundarbúnað og hefur það eflt samstarf félaga sem eru í samtökunum.

Næsta ráðstefna EurAdopt er fyrirhuguð í 17.-18.apríl í Cambridge, Bretlandi. Starfsfólk Íslenskrar ættleiðingar mun fara á ráðstefnuna.



Íslensk ættleiðing er líka aðili að samtökum norrænna ættleiðingarfélaga, Nordic Adoption Council (NAC). NAC eru félagasamtök ættleiðingarfélaga og félaga kjörfjölskyldna á Norðurlöndunum. Tilgangur NAC er að skapa vettvang fyrir norrænt samstarf í ættleiðingarmálum og málefnum tengdum ættleiðingum. Fulltrúar félaganna sitja í stjórn samtakanna. Elísabet Hrund Salvardsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar er formaður NAC en hún tók endurkjörin sem

formaður á aðalfundi NAC í september 2023. Berglind Glóð Garðarsdóttir, stjórnarmaður ÍÆ var fulltrúi félagsins í NAC á árinu. Stjórn NAC hittist í Kaupmannahöfn í byrjun maí en fjarfundir voru þó haldnir reglulega yfir árið og hafa samskipti innan samtakanna því í reynd fremur aukist á síðustu árum og stofnaðir hafa verið sérstakir vinnuhópar, t.d. vegna þjónustu eftir ættleiðingu og samfélagsmiðla. Á fundunum greina fulltrúar frá fréttum af ættleiðingartengdum málefnum frá eigin landi og og í þeim upprunaríkjum sem félögin eru í samstarfi við, þá voru líka rædd ýmis mál tengd ættleiðingum sem voru í deiglu hverju sinni.

15.september ar haldin norræn ættleiðingarráðstefna á vegum Nordic Adoption Council (NAC). Þema ráðstefnunnar var, Adoption – a lifelong process. Fjöldi fyrirlesara komu fram á ráðstefnunni, bæði innlendir og erlendir. Elísabet Hrund Salvardsdóttir framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar og formaður NAC bauð gesti velkomna á ráðstefnuna og lagði áherslu á mikilvægi þess að skilningur og þekking sé á þeim áföllum og því sem ættleidd börn hafa í sínum bakpoka til að þeim og fjölskyldum þeirra farnist sem best í lífinu. Í dag er sú upplifun að þessi skilningur sé ekki til staðar. Í lok ráðstefnunnar var pallborðsumræður þar sem fjögur uppkomin ættleidd ásamt



félagsráðgjafa/fjölskyldufræðingi Íslenskrar ættleiðingar ræddu málin og svöruðu spurningu bæði frá pallborðsstjóra og ráðstefnugestum í salnum.

Það var ánægjulegt að sjá að allir fyrirlestrar áttu erindi við þema ráðstefnunnar og vonum við hjá Íslenskri ættleiðingu að eftir ráðstefnunni hafi vaknað fleiri spurningar um hvað er gert í dag fyrir ættleidd börn og sýnt hafi verið fram á mikilvægi þess að til staðar sé góður skilningur og þekking á því sem ættleiddir og fjölskyldur þeirra fara í gegnum. Enda er ættleiðing ekki einn einstakur atburður sem lýkur eftir að lagaleg ættleiðing fer fram heldur er um ævilangt ferli einstaklings að ræða.

### **ČESKÁ REPUBLICA**

Félagið fékk fyrst löggildingu til að annast milligöngu um ættleiðingar frá Tékklandi árið 2004 og gildir núverandi löggilding til 19.03.2025. Alls hafa verið ættleidd 52 börn með milligöngu félagsins frá Tékklandi. 12 umsóknir hafa nú verið samþykktar af UMPOD og bíða afgreiðslu, 1 umsókn af þessum er í bið úti í Tékklandi.

Breytingar urðu á samstarfi við Tékklandi í lok ársins 2023, en ekki er hægt að senda fleiri umsóknir um að ættleiða barn frá Íslandi en miklar breytingar virðast vera í gangi í málaflokknum innan Tékklands.

### **Colombia**

Löggilding um milligöngu gildir til 19.03.2025. Alls hafa verið ættleidd 15 börn með milligöngu félagsins frá Kólumbíu. Tvær umsóknir eru samþykktar á biðlista frá Íslenskri ættleiðingu hjá ICBF.

Kólumbía er eina samstarfsland Íslenskrar ættleiðingar sem tekur á móti umsóknum samkynja hjóna og er annað af tveimur löndum í heiminum sem gerir það.

### **TOGO**

Löggilding um milligöngu gildir til 01.07.2026. Alls hafa 7 börn verið ættleidd með milligöngu félagsins frá Tógó. Fimm umsóknir eru í ferli í Tógó. Meðal biðtími eftir þörun hefur verið rúm tvö ár.



## STJÓRN OG STARFSFÓLK 2023

### Stjórn

Berglind Glóð Garðarsdóttir  
Stjórnarformaður

Varaformaður  
Svandís Sigurðardóttir

Meðstjórnendur  
Gylfi Már Ágústsson  
Selma Hafsteinsdóttir  
Sigríður Dhammika Haraldsdóttir  
Sólveig Diljá Haraldsdóttir  
Örn Haraldsson

### Starfsfólk

Elísabet Hrund Salvarsdóttir  
Framkvæmdastjóri

Ragnheiður Davíðsdóttir  
Verkefnastjóri til 30.september 2023

Rut Sigurðardóttir  
Félagráðgjafi og fjölskyldufræðingur

Thelma Rún Runólfsdóttir  
Sérfræðingur frá 1.desember 2023

*Aðeins þær stofnanir skulu fá og halda viðurkenningu sem sýna fram á getu sína til að leysa vel af hendi þau verkefni sem þeim kunna að verða falin.*